

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um málsmeðferð og valdsvið
eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum
um Evrópska efnahagsvæðið, nr. 593/1993, með síðari breytingum.**

1. gr.

Á eftir 1. gr. b bætist við ný grein, 1. gr. c, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/98 frá 27. mars 1998 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 21 um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

- reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 frá 30. júní 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á bókun 21 með EES-samningnum, sbr. reglugerð nr. 230/1997, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

Viðskiptaráðuneytinu, 11. júní 1998.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

REGLUGERÐ

um bifreiðagjald.

1. gr.

Greiða skal til ríkissjóðs bifreiðagjald af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi eins og nánar er kveðið á í reglugerð þessari.

Með gjaldskyldri bifreið er átt við vélknúið ökutæki sem uppfyllir eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

- a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
- b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund.
- c. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.
- d. Fjór hjól er fellur í vörulið 8703 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.